

Frumvarp til laga um inngildandi menntun

Umsagnarmál nr. S-60/2024 í Samráðsgátt Umsögn frá fjölskyldusviði Sveitarfélagsins Árborgar

Inngangur:

Á fundi bæjarráðs Sveitarfélagsins Árborgar þann 8. mars 2024 fól bæjarráð fjölskyldusviði sveitarfélagsins að taka frumvarpið til skoðunar og umfjöllunar. Að lokinni þeirri yfirferð lá eftirfarandi umsögn fyrir um frumvarpið.

Almennt álit um frumvarpið:

Starfsfólk fjölskyldusviðs sveitarfélagsins Árborgar lýsir yfir ánægju með frumvarp til laga um inngildandi menntun og því að skólaþjónusta í leik-, grunn- og framhaldsskólum og frístundarþjónustu verði lögbundin. Starfsfólk fjölskyldusviðs Árborgar tók virkan þátt í viddæku samráði við gerð þessa frumvarps og er ánægjulegt að sjá að tillit hafi verið tekið til margra þátta sem fram komu í samráðsferlinu. Þó eru nokkur atriði sem vert er að áréttu sem t.d. snúa að aukinni þörf fyrir mannauð og fjármagn. Fjölskyldusvið sveitarfélagsins Árborgar er stærsta svið sveitarfélagsins sem samanstendur af skólaþjónustu, velferðarþjónustu, frístundarþjónustu, skólum, leikskólum og öðrum stofnunum sem veita börnum og fullorðnum þjónustu. Mikil þverfagleg samvinna hefur verið á sviðinu og býr starfsfólk sviðsins því yfir góðri innsýn í þau störf sem falla innan laga um inngildandi menntun og þróun nýrrar þjónustu þar sem við erum eitt af frumkvöðlasveitarfélögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.

Almennt nær frumvarpið vel utan um þau fjölmörgu verkefni sem stoðþjónusta skólanna og skólaþjónusta hefur sinnt til þessa en þó eru um að ræða þó nokkrar breytingar og viðbætur. Fjölskyldusvið lýsir yfir áhyggjum af því að ekki sé búið að kostnaðarmeta að fullu þau verkefni sem snúa að sveitarfélögunum. Ljóst er að verkefnum mun fjölga og ný verkefni bætast við sem kalla á nýja þekkingu innan skólaþjónustu þar sem starfsemi stofnanna á vettvangi frítímans munu bætast við þjónustu við leik- og grunnskóla. Við fögnum því að þörf fyrir stuðningi við frístundastarf er staðfestur og þannig er verið að styðja betur við faglegt frístundastarf, en teljum áriðandi að tekið sé tillit til þessara nýmæla í kostnaðarmati.

Athugasemdir varðandi einstakar greinar frumvarpsins:

2. gr.

Lagt er til að við orðskýringar verði bætt skilgreiningum á innri og ytri skólaþjónustu, á handleiðslu og leiðsögn nýliða. Mikilvægt er að taka af allan vafa um það hvað geti falist í þessum hugtökum eins og þau koma fyrir í frumvarpinu.

4. gr.

Í tengslum við umfjöllun um lágmarkskröfur til fagþekkingar og mönnunar er áriðandi að horft verði sérstaklega til þeirra þátta við endanlegt kostnaðarmat sérstaklega innan sveitarfélaganna.

6. gr.

Bent er á að unnt er að skilja 2. mgr. 6. gr. á þann veg að eingöngu tengiliðir taki við beiðnum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. Ef draga á sérstaklega fram hlutverk tengiliðar er mikilvægt að gera það í samræmi við meginmarkmið tengiliða í 2. gr. reglugerðar nr. 1180/2022 um tengiliði og málstóra samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna. Ef að beiðnir eiga að geta farið í annan farveg er áriðandi að það sé skýrt. Einnig er mikilvægt að leggja áherslu á að tengiliður vinnur ekki einn heldur í þverfaglegri samvinnu sem styður við inngildandi menntun og samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.

7. gr.

Lagt er til að 1. mgr. 7. gr. orðist þannig: „*Þegar þörf er á skal leik-, grunn- eða framhaldsskóli með aðkomu innri og eftir atvikum ytri skólaþjónustu gera skriflega einstaklingsáætlun um inngildandi menntun fyrir barn eða ungmenni í samvinnu við foreldra, ungmenni og/eða barn.*“ [tillaga að breyttu orðalagi undirstrikuð].

Í frumvarpinu er orðlagið þannig: „*Þegar þörf er á skal leik-, grunn- eða framhaldsskóli, eftir atvikum með aðkomu innri og ytri skólaþjónustu, gera skriflega einstaklingsáætlun um inngildandi menntun fyrir barn eða ungmenni í samvinnu við foreldra, ungmenni og/eða barn.*“

Í tengslum við þessa grein vekur líka athygli að hvorki er fjallað um að gera skuli áætlanir í frístundastarfi eða ekki. Ef slík áætlanagerð bætist við í frístundastarfi felur það í sér viðamikinn kostnaðarauka.

9. gr.

Í Sveitarfélaginu Árborg er starfsemi skóla og frístundastarfs aðskilin og er ekki um að ræða skilgreint innra stoðkerfi frístundastarfs nema í þeim tilfellum þegar um lögbundið frístundastarf er að ræða fyrir nemendur með fatlanir. Það er því um verulega breytingu að ræða ef gera á ráð fyrir innra stoðkerfi frístundastarfs og töluverður kostnaðarauki fyrir sveitarfélagið.

2. tl. 2. mgr. 10. gr.

Bent er á í tengslum við umfjöllun um 2. gr. frumvarpsins að mikilvægt er að það liggi fyrir með skýrum hætti hvað felst í þeirri handleiðslu sem þarna er vísað til.

3. mgr. 10. gr.

Í umfjöllun greinargerðarinnar um 3. mgr. 10. gr. er fjallað um verkefni ytri skólaþjónustu þar sem mikil áhersla er lögð á ráðgjöf, stuðning og leiðsögn við kennara, skólustjórnendur og annað starfsfólk skóla og frístundastarf. Þar eru tiltekin nokkur verkefni sem ekki hafa verið á borði skólaþjónustu fram til þessa og mikilvægt að kostnaðarmeta þau. Eins og áður hefur komið fram ber sérstaklega að nefna stuðning við starfsfólk frístundar, en einnig má nefna árangursmælingar og hagnýtingu gagna, framkvæmd innra mats og eftirfylgni, leiðsögn nýliða í starfi og leiðsögn varðandi réttindi barna og ungmenna.

11. gr.

Bent er á að hugsanlega þyrfti að ávarpa samstarf við velferðarþjónustu og mikilvægt er að skýra betur samvinnu á milli innri og ytri skólaþjónustu.

13. gr.

Lagt er til að 1 tl. 1. mgr. 13. gr. orðist þannig: „*Styðja við og samhæfa fagleg vinnubrögð skólaþjónustu á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi, m.a. með ráðgjöf, leiðsögn, fræðslu og útgáfu leiðbeininga, matstækja og fræðsluefnis.*” [tillaga að breyttu orðalagi undirstrikuð].

Í frumvarpinu er orðalagið þannig: „*Styðja við og samhæfa fagleg vinnubrögð skólaþjónustu á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi, m.a. með ráðgjöf, leiðsögn, fræðslu og útgáfu leiðbeininga og fræðsluefnis.*”

Greinargerð - 6. Mat á áhrifum

6.1.1. Kostnaður. Í þessari grein kemur fram: *að ekki sé um að ræða breytingu á skyldum og ábyrgð sveitarfélaga heldur aukna samhæfingu og bætt skipulag á landsvísu sem og á milli ríkis og sveitarfélaga.... Lög um inngildandi menntun kalla þó augljóslega á áherslubreytingar í skipulagi skólustarfs og skólaþjónustusvo gera má ráð fyrir kostnaði hjá sveitarfélögum vegna innleiðingar þess. Gert er ráð fyrir því að ríki muni styðja við sveitarfélög í innleiðingarferlinu og í því verði litið til árangursríkra fyrirmynda og virkrar tengingar við innleiðingar laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.*

Að öllu ofantöldu verðum við að benda á að með auknum skyldum verði ekki komist hjá kostnaðarauka af hendi sveitarfélaga og mikilvægt er að skýra betur kostnaðarþáttöku ríkisins verði frumvarpið að lögum.

Virðingarfyllt fyrir hönd fjölskyldusviðs Árborgar


Heiða Ösp Kristjánsdóttir
sviðsstjóri fjölskyldusviðs


Margrét Björk Brynhildardóttir
deildarstjóri skólaþjónustu